

1980

LÖG  
STÓMASAMTAKANNA

1.gr.

Félagið heitir STÓMASAMTÖKIN. Heimili þess og varnarþing er í Reykjavík.

2.gr.

Tilgangur félagsins er að stuðla í hvívetna að velferð fólks, sem gengist hefur undir colostomy, ileostomy og urostomy aðgerðir. Þessum tilgangi hyggst félagið fyrst og fremst ná með því:

- 1) að vinna á allan hátt að kynningu á málefnum þeirra, sem gengist hafa undir stómaaðgerðir.
- 2) að stuðla að fræðslustarfsemi og miðlun upplýsinga um stómaaðgerðir og viðeigandi hjálpartæki til fólks, sem þarf að gangast undir súkar aðgerðir, svo og til aðstandenda og annarra velunnara.
- 3) að beita sér fyrir því, að hentug hjálpartæki séu ætíð á boðstólum og jafnframt, að afgreiðsla þeirra sé sem greiðust.
- 4) að efla samstarf við lækna, hjúkrunarfólk, sjúkrahús og líknarstofnanir, svo sem Krabbameinsfélag Íslands, sem láta sig varða heilbrigði og velferð stómafólks, bæði fyrir og eftir aðgerð.
- 5) að stofna til samskipta við erlend stómasamtök.

3.gr.

Samtökin eru landsfélag og félagar geta allir orðið sem gengist hafa undir stómaaðgerðir, svo og allir velunnarar félagsins

4.gr.

Stjórn samtakanna skipa þrír menn og tveir til vara, sem kosnir eru skriflega á aðalfundi til tveggja ára í senn. Meiri hluti stjórnar skal ætíð skipaður fólk, sem hefur gengist undir stómaaðgerðir. Heimilt er að endurkjósa hvern stjórnarmann allt að tvívar sinnum. Þá skal auk þess kjósa two endurskoðendur og einn til vara, til tveggja ára í senn. Formaður skal kosinn sérstaklega. Að öðru leyti skipti stjórnin með sér verkum. Prókúruhafi er stjórn félagsins eða sá stjórnarmaður sem hún veitir slikt umboð.

5.gr.

Aðalfundur skal haldinn í apríl eða maí og er lögmætur ef til hans er boðað með minnst tveggja vikna fyrirvara. Aðrir félagsfundir skulu boðaðir á sama hátt. Aðalfundur hefur æðsta vald í öllum málefnum félagsins. Stjórnarfundi getur formaður boðað, hvenær sem hann telur henta, og skulu varamenn einnig boðaðir á þá.

6.gr.

Reikningsár samtakanna er almanaksárið og skulu endurskoðaðir reikningar lagðir fram á aðalfundi ár hvert. Árgjald skal ákveðið á aðalfundi. Atkvæðisrétt hafa allir félagar sem greitt hafa gjöld sín.

7.gr.

Til breytinga á lögum þessum þarf 2/3 greiddra atkvæða á aðalfundi.

8.gr.

Verði féluginu slitið, en til þess þarf 2/3 greiddra atkvæða á aðalfundi, skal eignum þess varið til líknarmála, eftir því sem fundurinn ákveður.